

Geðhjálp uggandi yfir verkfalli



Mikil röskun verður á starfsemi Landspítala í dag en 136 læknar á geð- og skurðlækningasviði eru í verkfalli. Fundur samninganefnda skurðlækna og ríkisins í gær var árangurslaus og er næsti fundur boðaður eftir viku.

Rúmlega 100 viðtöl á göngudeildum geðsviðs falla niður. Þar starfa 50 læknar - 31 leggur niður störf. Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálp, er uggandi yfir verkfallinu og segir að ástandið sé svart fyrir.

<http://www.ruv.is/frett/gedhjalp-uggandi-yfir-verkfalli>